

Nd.

339. Breytingartillögur

[147. mál]

við frv. til 1. um grunnskóla.

Frá Benedikt Gröndal.

- 1) Við 11. gr.
 - a) 1. mgr. orðist svo:

Fræðsluráð skal skipað 7 mönnum, og skulu 5 kjörnir af viðkomandi landshlutasamtökum, einn af skólastjórum og einn af kennarasamtökum landshlutans. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu fer samkvæmt lögum og reglugerð um starfshætti landshlutasamtaka sveitarfélaga, svo og eftir reglugerð. Fræðsluráð kys sér formann.
 - b) Í stað 3. og 4. mgr. komi:

Í reglugerð skal ákveða um fundarsetu framkvæmdastjóra landshlutasamtaka, fulltrúa sveitarfélaga eða annarra, sem sérstaklega eiga hlut að tilteknu máli.
- 2) Við 14. gr. Á eftir 1. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
 2. Hann skal koma upp og stjórna kennslufræðilegri miðstöð fyrir umdæmi sitt, þar á meðal kennslutækja- og nýsitæknimiðstöð, eftir því sem aðstæður leyfa.
- 3) Við 17. gr. Á eftir 3. mgr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Sveitarfélög með meira en 10 000 íbúa geta ráðið sér sérstaka fræðslufulltrúa, og er menntamálaráðuneytinu heimilt að setja reglur um framlög til þeirra og starfsemi þeirra.
- 4) Við 18. gr. Í stað 4. og 5. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Fastir kennarar í skólahverfi kjósa úr sínum hópi einn fulltrúa í skólanefnd til viðbótar þeim, sem áður eru nefndir. Séu kennarar við grunnskóla fleiri en 16, skulu þeir kjósa tvo fulltrúa í skólanefnd. Varafulltrúar skulu kosnir á sama hátt.
- 5) Við 23. gr. Í stað 2. og 3. málsg. komi:

Menntamálaráðuneytið leggur fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun um skóla- byggingar fyrir allt landið, er taki til 4 ára tímabils. Framkvæmdaáætlun þessa má endurskoða á tveggja ára fresti, ef ástæða þykir til. Í samræmi við þetta

og önnur lög skal gera áætlun um framkvæmdaáfangna hvers árs, er fylgi fjárlögum.

- 6) Við 25. gr. Í stað orðsins „bókasafni“ komi: safni bóka, kennslutækja og kennsluefnis ásamt nauðsynlegri aðstöðu til sjálfsnáms.
- 7) Við 32. gr. Fyrri mgr. orðist svo:

Fræðsluráð skipar eða setur kennara við skóla, sem starfa samkvæmt lögum þessum, að fengnum umsögnum skólanefndar og skólastjóra.
- 8) Við 33. gr.
 - a) Við 1. mgr. Síðari málsliður orðist svo: Fræðslustjóri auglýsir stöðuna, ef um kennarastöðu er að ræða, annars tilkynnir hann menntamálaráðuneyti, sem þá auglýsir stöðuna.
 - b) Við 3. mgr. Í stað orðsins „stöðuveitingar“ komi: veitingu á skólastjóra- eða aðstoðarskólastjórastöðum.
 - c) Við 5. mgr. Í stað orðanna „getur menntamálaráðuneytið“ komi: geta menntamálaráðuneytið eða fræðslustjórar.
- 9) Við 35. gr. 1. mgr. orðist svo:

Skólastjóri, sem skipaður er, settur eða ráðinn til starfs við grunnskóla, skal gegna því samkvæmt lögum og erindisbréfi, er menntamálaráðuneytið setur, en kennari samkvæmt erindisbréfi, er fræðslustjóri setur.
- 10) Við 43. gr.
 - a) Liður e orðist svo:

Þroskun kristilegrar siðfræði með kennslu í kristnum fræðum, svo og fræðslu um önnur helztu trúarbrögð, almenna siðfræði og háttvísi.
 - b) Liður i orðist svo:

Ástundun íþróttar, kennslu í líkams- og heilsurækt og hjálp í viðlögum.
- 11) Við 49. gr. Síðar mgr. falli niður.
- 12) Við 63. gr. Á eftir gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Skólarannsóknadeild skal enn fremur í samstarfi við Fræðslumyndasafn ríkisins styðja tilraunir með hvers konar kennslutæki og framleiðslu efnis í þau. Þá skal efna til rannsókna á aðbúnaði nemenda í skólum, svo sem skólahúsgögnum. Loks skal deildin gera tillögur varðandi forskriftir um teikningu nýrra skólamannvirkja, þannig að þau samrýmist heildarstefnu þessara laga.
- 13) Við 66. gr. 1. mgr. orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn 12 manna grunnskólaráð. Í því skulu eiga sæti fulltrúar fræðslumálastjórnar, skólastjóra og kennara, sálfræðideilda, kennslugagnastofnana og aðrir, sem ráðherra telur rétt að kalla til.
- 14) Við 75. gr. Í stað 2. og 3. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Skólabókasafn má hafa filmur, filmuræmur, tón- og myndbönd, hljóm- og myndplötur, skuggamyndir, glærur annað hljóm- og myndefni ásamt viðeigandi tækjum og búnaði, svo og eftirprentanir og fjölrítað efni, önnur nýsítæki og efni í þau, eftir því sem aðstæður leyfa. Að skólabókasöfnum skal þannig búið, að því er varðar húsnæði, efniskost og starfslið, að þau geti verið eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu, aðgengileg til sjálfsnáms og eftir föngum reiðubúin að fylgjast með þróun kennslutækja og efnis í þau. Fela má skólabókasafni að hafa umsjá allra nýsítækja skólans.
- 15) Við 82. gr. Í stað orðanna „Stofnbúnað skólabókasafns og endurnýjun bóka-kosts greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarfélögum“ komi orðin: Nauðsynleg kaup og endurnýjun alls búnaðar skólabókasafns, hvers konar tæki og efni í þau, svo og bækur og endurnýjun bóka-kosts, greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarfélögum samkvæmt reglugerð.